

AUGLÝSING

um flokkun vöru og þjónustu vegna vörumerkja.

1. gr.

Gildissvið.

Í samræmi við 16. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, með síðari breytingum og ákvæði Nice-samningsins frá 15. júní 1957 um alþjóðlega flokkun vöru og þjónustu vegna skráningar vörumerkja, með síðari breytingum, gildir eftirfarandi flokkaskrá fyrir vörur og þjónustu vegna skráningar vörumerkja. Flokkaskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Flokkaskráin er í samræmi við 11. útgáfu alþjóðlegu skrárinnar um flokkun vöru og þjónustu við skráningu vörumerkja samkvæmt Nice-samningnum sem tók gildi 1. janúar 2017 og þær breyttingar sem átt hafa sér stað frá þeim tíma. Flokkaskráin er uppfærð með rafrænum hætti um hver áramót.

2. gr.

Breytingar þann 1. janúar 2017.

Eftirfarandi breytingar urðu á yfirkriftum flokkaskrárinnar þann 1. janúar 2017.

1. Flokkur 3: Tilgreiningunni „sápur“ var breytt í „lyflausar sápur“, tilgreiningunni „snyrtivörur“ var breytt í „lyflausar snyrtivörur“, tilgreiningunni „hárvötn“ var breytt í „lyflaus hárvötn“ og tilgreiningunni „tannhirðuvörur“ var breytt í „lyflausar tannhirðuvörur“.
2. Flokkur 6: Tilgreiningin „málmgrýti“ var færð í fyrsta málslíð. Tilgreiningunni „byggingarfefni úr málmi“ var breytt í „byggingar- og smíðaefni úr málmi“. Tilgreiningarnar „málmeini í járnbrautarspor“, „járnvörur“ og „pípur og hólkar úr málmi“ voru felldar brott. Tilgreiningunni „málmgámar til geymslu eða flutninga“ var bætt við á undan „öryggisskápar“.
3. Flokkur 10: Bætt var við tilgreiningunum „lækninga- og hjálpartæki ætluð fötluðum; nuddæki; búnaður, tæki og hlutir til hjúkrunar ungbarna; búnaður, tæki og hlutir til kynlífsthafna“.
4. Flokkur 14: Tilgreiningunni „og hálfeðalsteinar“ var bætt við „eðalsteinar“.
5. Flokkur 16: Tilgreiningunni „og skrifstofuvörur, þó ekki húsgögn“ var bætt við tilgreininguna „ritföng“. Tilgreiningunni „og teiknivörur“ var bætt við tilgreininguna „vörur fyrir listamenn“. Tilgreiningin „ritvélar og og skrifstofutæki (þó ekki húsgögn)“ var felld brott. Tilgreiningin „(þó ekki tæki)“ var felld brott úr tilgreiningunni „fræðslu- og kennslugögn“. Tilgreiningunni „plastefni til pökkunar“ var breytt í „plastþynnur, -filmur og -pokar til umbúða og pökkunar“. Komma í stað semíkommu kom á eftir „leturstafir“.
6. Flokkur 17: Tilgreiningunni „hálfunnið þanið plast til iðnaðarnota“ var breytt í „hálfunnið þanið plast og kvoða til iðnaðarnota“. Tilgreiningunni „sveigjanlegar pípur sem ekki eru úr málmi“ var breytt í „sveigjanlegar pípur, rör og slöngur sem ekki eru úr málmi“.
7. Flokkur 18: Í enskri útgáfu flokkaskrárinnar var gerð sú breyting að „and“ kom í stað kommu í tilgreiningunni „animal skins, hides“. Orðið „og“ er nú þegar í íslenskri útgáfu flokkaskrárinnar og er því ekki þörf á breytingu. Tilgreiningin „ferðakoffert og ferðatöskur“ var felld brott og í staðinn kom „farangurs- og handtöskur“. Á eftir „reiðtygi“ kom „hálsólar, taumar og fatnaður fyrir dýr“.
8. Flokkur 20: Á eftir tilgreiningunni „myndarammar“ kom „ílát, ekki úr málmi, til geymslu eða flutninga“. Tilgreiningin „filabein“ var felld brott.
9. Flokkur 21: Svigi um „nema málningarpenslar“ var felldur brott. Tilgreiningin „stálull“ var felld brott. Tilgreiningin „óunnið eða hálfunnið gler (þó ekki gler notað við byggingar)“ varð „óunnið eða hálfunnið gler, þó ekki gler í byggingar“.
10. Flokkur 22: Tilgreiningin „segldúkar“ var felld brott. Á eftir tilgreiningunni „tjöld og yfirlæiðslur“ kom „ofnir segldúkar eða úr gerviefnum“. Tilgreiningunni „sekkir“ var breytt í „sekkir til flutninga og geymslu efna í lausri vigt“. Tilgreiningunni „bólstrunarefni og tróð (nema úr pappír, pappa, gúmmii eða plasti)“ var breytt í „bólstrunar-, fylliefni og tróð, nema

úr pappír, pappa, gúmmíi eða plasti“. Tilgreiningunni „og efni sem komið geta í stað þeirra“ var bætt við „óunnin efni úr þraeði til vefnaðar“.

11. Flokkur 24: Tilgreiningarnar „rúmteppi; borðdúkar“ voru felldar brott og í stað þeirra komu tilgreiningarnar „lín til heimilisnota; ofin gluggatjöld eða úr plasti“.
12. Flokkur 26: Á eftir tilgreiningunni „gerviblóm“ komu tilgreiningarnar: „hárskraut; gervihár“.
13. Flokkur 28: Í ensku útgáfu flokkaskrárinnar var tilgreiningunni „toys“ bætt við tilgreininguna „games and playthings“ sem í íslenskri þýðingu hefur verið „leikspil og leikföng“. Með tilkomu tilgreiningarinnar „toys“ verður íslenska tilgreiningin „leikspil, leikföng og hlutir til leikja“ og var tilgreiningunni „taeki til skjáleikja“ bætt við á eftir henni.
14. Flokkur 31: Tilgreiningin „landbúnaðar-, garðræktar og skógræktarafurðir“ varð „óunnar og unnar landbúnaðar-, lagareldis-, garðræktar- og skógræktarafurðir“. Á eftir tilgreiningunni „ferskir ávextir og grænmeti“ kom „ferskar kryddjurtir“. Á eftir tilgreiningunni „lifandi plöntur og blóm“ kom „laukar, græðlingar og fræ til gróðursetningar“. Tilgreiningunni „dýrafóður“ var breytt í „dýrafóður og drykkjavörur ætlaðar dýrum“.
15. Flokkur 45: Tilgreiningunni „öryggisþjónusta til verndar einstaklingum og eignum“ var breytt í „öryggisþjónusta til líkamlegrar verndar einstaklingum og til verndar ápreifanlegum eignum“.

Auk framangreindra breytinga urðu breytingar á tilgreiningum ýmissa vara og þjónustu sem falla undir yfirskriftir flokkanna. Þær eru aðgengilegar á vefsíðu Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO).

3. gr.

Leiðréttigar.

Auk breytinga þeirra sem tilgreindar eru í 2. gr. þykir rétt að gera eftirfarandi leiðréttigar:

1. Flokkur 10: Í ensku útgáfu flokkaskrárinnar var „orthopedic“ leiðrétt í „orthopaedic“. Sú leiðréttiing hefur ekki áhrif á íslensku þýðingu skrárinnar.
2. Flokkur 14: Tilgreiningin „precious“ í ensku útgáfu flokkaskrárinnar hefur verið þýdd sem „gimsteinar“. Réttara þykir að þýða tilgreininguna sem „eðalsteinar“.
3. Flokkur 16: Tilgreiningunni „instructional and teaching material“ í ensku útgáfu flokkaskrárinnar var breytt í fleirtölu (e. materials) en það hefur ekki áhrif á íslensku þýðinguna.
4. Flokkur 21: Réttara þykir að þýða orðið „sponges“ í ensku útgáfu flokkaskrárinnar sem „svampar“ í stað „þvottasvampar“.

4. gr.

Nánari tilgreining á yfirskriftum flokka við endurnýjun vörumerkja.

Í samræmi við ákvörðun Einkaleyfastofunnar um þrengri túlkun á yfirskriftum flokkaskrárinnar frá 1. janúar 2014, er heimilt við fyrstu endurnýjun merkis að tilgreina nánar þá vörum og/eða þjónustu sem merki er skráð fyrir. Tilgreining skal vera í samræmi við þá útgáfu alþjóðlegu flokkaskrárinnar sem er í gildi hverju sinni. Útvíkkun á vernd er ekki heimil.

Við endurflokkun þá sem heimil er skv. 1. mgr. skal þess gætt að tilgreiningar séu skýrar og nákvæmar. Leitast skal við að velja einungis þær tilgreiningar sem varða starfsemi eiganda.

Það er á ábyrgð eigenda eða umboðsmanna þeirra að tilgreina nánar vörum og/eða þjónustu við endurnýjun í samræmi við ákvæði þetta. Telji Einkaleyfastofan tilgreiningar ekki fullhægjandi er veittur frestur til að lagfæra umsóknina í samræmi við 2. mgr. 27. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki.

Frá gildistöku þessarar auglýsingar og til 1. júlí 2017 er unnt að óska eftir endurupptöku ákvarðana sem hafa verið teknar af Einkaleyfastofunni frá 1. janúar 2014 um endurflokkun við endurnýjun. Beiðnum þess efnis skal beint til Einkaleyfastofunnar.

5. gr.

Gildistaka og brottafall.

Auglýsing þessi gildir frá og með 1. janúar 2017. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um flokkun vörur og þjónustu vegna vörumerkja nr. 311/2016.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 10. febrúar 2017.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Sigrún Brynja Einarsdóttir.

Elísabet Anna Jónsdóttir.

Fylgiskjal.

Skrá um flokkun vörur og þjónustu.

I. Vörur.

1. Efni til að nota í iðnaði, við vísindastörf, ljósmyndun sem og í landbúnaði, garðrækt og skógrækt; óunnin gervikvoða, óunnar plastvörur; áburður; slökkviefni; efnablöndur til herslu og lóðunar; efni til varðveislu á matvælum; sútunarefni; lím- og bindiefni til iðnaðarnota.
2. Málning, gljákvoða (ferniss), lakk; ryðvarnarefni og fúavarnarefni; litarefni; litfestir; óunnin náttúruleg kvoða; málmbynnur og málmduft til nota við málun, skreytingar, prentun og listsþöpun.
3. Bleikiefni og önnur efni til að nota við fataþvott; efni til að nota við ræstingu, fægingu, hreinsun og slípun; lyflausar sápur; ilmvötn, ilmolíur, lyflausar snyrtivörur, lyflaus hárvötn; lyflausar tannhirðuvörur.
4. Ólur og feiti til iðnaðar; smurolíur; raka- og rykbindiefni; brennsluefni (þar með talið eldsneyti fyrir hreyfla) og ljósметi; kerti og kveikir til lýsingar.
5. Lyf og lyfjablöndur til lækninga fyrir menn og dýr; efnablöndur til hreinlætisnota í læknisfræðilegum tilgangi; sérfæði og næringarefni fyrir menn og dýr, barnamatur; fæðubótarefni fyrir menn og dýr; plástrar, sárabindi; tannfyllingarefni, vax til tannsmíða; sótthreinsiefni; efni til að eyða meindýrum; sveppaeyðir, illgresiseyðir.
6. Ódýrir málmar og blöndur úr þeim, málmgryti; byggingar- og smíðaefni úr málmi; færarlegar byggingar úr málmi; strengir og vírar úr ódýrum málnum, ekki til rafmagnsnota; smáhlutir úr málmi; málmgámar til geymslu eða flutninga; öryggisskápar.
7. Vélar og smíðavélar; hreyflar og vélar (þó ekki í landfarartæki); vélatengsli og drifbúnaður (þó ekki í landfarartæki); landbúnaðarvélar sem ekki eru handknúnar; klakvélar (útungunarvélar); sjálfsalar.
8. Handverkfæri og handknúin tól; hnífapör; höggvopn og lagvopn; rakvélar.
9. Búnaður og tæki notuð við vísindi, siglingar, landmælingar, ljósmyndun, kvíkmyndatöku og -sýningar; sjóntæki, vogir, mælingatæki, merkjasingendingatæki, eftirlitstæki, björgunartæki, kennslutæki og -búnaður; búnaður og tæki til að leiða, kveikja og slökkva á, breyta, safna, stilla eða stjórna rafmagni; tæki sem notuð eru til að taka upp, flytja eða fjölfalda hljóð eða mynd; segulgagnaberar, upptökudiskar; geisladiskar, stafrænir mynddiskar og annar stafrænn upptökubúnaður; vélbúnaður fyrir myntstýrð tæki; búðarkassar, reiknivélar, gagnavinnslubúnaður, tölvur; tölvuhugbúnaður; slökkvitæki.
10. Tæki og búnaður til skurðlækninga, lyflækninga, tannlækninga og dýralækninga; gervilimir, -augu og -tennur; hlutir til bæklunarlækninga; þráður til að sauma saman sár; lækninga- og hjálpartæki ætluð fötluðum; nuddtæki; búnaður, tæki og hlutir til hjúkrunar ungbarna; búnaður, tæki og hlutir til kynlífssathafna.
11. Tæki og búnaður fyrir lýsingu, hitun, gufuframleiðslu, matseld, kælingu, þurrkun, loftræstingu, vatns- og hreinlætislagnir.
12. Farartæki; tæki til flutninga á landi, í lofti eða á legi.
13. Skotvopn; skotfæri og skot; sprengiefni; flugeldar.

14. Góðmálmrar og blöndur úr þeim; skartgripir, eðalsteinar og hálfeðalsteinar; klukkur og tæki til tímamælinga.
15. Hljóðfæri.
16. Pappír og pappi; prentað mál; bókbandsefni; ljósmyndir; ritföng og skrifstofuvörur, þó ekki húsgögn; bréflím og lím til heimilisnota; vörur fyrir listamenn og teiknivörur; málningarpenslar; fræðslu- og kennslugögn; plastþynnur, -filmur og -pokar til umbúða og pökkunar; leturstafir, myndmótt.
17. Óunnið og hálfunnið gúmmi, togleður (gúttaperka), gúmkvoða, asbestos, gljásteinn og efni sem komið geta í staðinn fyrir þau; hálfunnið þanið plast og kvoða til iðnaðarnota; efni til hvers konar þétingar eða einangrunar; sveigjanlegar pípur, rör og slöngur sem ekki eru úr málmi.
18. Leður og leðurlíki; skinn og húðir dýra; farangurs- og handtöskur; regnhlífar og sólhlífar; göngustafir; svipur, aktygi og reiðtygi; hálsólar, taumar og fatnaður fyrir dýr.
19. Byggingarefni (ekki úr málmi); ósveigjanlegar pípur í byggingar, ekki úr málmi; asfalt, bik og malbik; færانlegar byggingar, ekki úr málmi; minnisvarðar, ekki úr málmi.
20. Húsgögn, speglar, myndarammar; ílát, ekki úr málmi, til geymslu eða flutninga; óunnin eða hálfunnið bein, horn, hvalabein eða perlumóðir; skeljar; sæfrauð; raf.
21. Heimilis- eða eldhúsahöld og ílát; greiður og svampar; burstar, nema málningarpenslar; efni til burstagerðar; hlutir sem notaðir eru til ræstingar; óunnið eða hálfunnið gler, þó ekki gler í byggingar; glervörur, postulín og leirvörur.
22. Kaðlar og selgarn; net; tjöld og yfirbreiðslur; ofnir seglidúkar eða úr gerviefnum; segl; sekkir til flutninga og geymslu efna í lausri vigt; bólstrunar-, fylliefni og tróð, nema úr pappír, pappa, gúmmii eða plasti; óunnin efni úr þraði til vefnaðar og efni sem komið geta í stað þeirra.
23. Garn og þráður til vefnaðar.
24. Vefnaður og efni sem komið geta í staðinn fyrir vefnað; lín til heimilisnota; ofin gluggatjöld eða úr plasti.
25. Fatnaður, skófatnaður, höfuðfatnaður.
26. Blúndur og útsaumur, borðar og kögur; hnappar og tölur, krókar og lykkjur, prjónar og nálar; gerviblóm; hárskraut; gervihár.
27. Teppi, mottur, gólfdukar og annað efni til að leggja á gólf; veggklæðning (þó ekki ofin).
28. Leikspil, leikföng og hlutir til leikja; tæki til skjáleikja; leikfimi- og íþróttavörur; jólatrésskraut.
29. Kjöt, fiskur, alifuglar og villibráð; kjötkraftur; niðursoðnir, frosnir, þurrkaðir og soðnir ávextir og grænmeti; ávaxtahlaup, -sultur og -grautar; egg; mjólk og mjólkurafurðir; matarolíur og matarfeiti.
30. Kaffi, te, kakó og gervikaffi; hrísgrjón; tapíókamjöl og sagógrjón; mjöl og matvörur úr korni; brauð, sætabrauð og sælgæti; ís til matar; sykur, hunang, síróp; ger, lyftiduft; salt; sinnep; edik, sósur (bragðbætandi); krydd; ís.
31. Óunnar og unnar landbúnaðar-, lagareldis-, garðræktar- og skógræktarafurðir; hrátt og óunnið korn og fræ; ferskir ávextir og grænmeti; ferskar kryddjurtir; lifandi plöntur og blóm; laukar, græðlingar og fræ til gróðursetningar; lifandi dýr; dýrafóður og drykkjavörur ætlaðar dýrum; malt.
32. Bjór; ölkelduvatn, gosdrykkir og aðrir óáfengir drykkir; ávaxtadrykkir og ávaxtasafar; þykki og önnur efni til drykkjargerðar.
33. Áfengir drykkir (nema bjór).
34. Tóbak; hlutir fyrir reykingamenn; eldspýtur.

II. Þjónusta.

35. Auglysingastarfsemi; rekstur og stjórnun fyrirtækja; skrifstofustarfsemi.
36. Tryggingastarfsemi; fjármálastarfsemi; gjaldmiðlaviðskipti; fasteignaviðskipti.
37. Byggingastarfsemi; viðgerðir; uppsetninga- og lagnaþjónusta.
38. Fjarskipti.
39. Flutningar; pökkun og geymsla vöru; ferðaþjónusta.
40. Meðferð efna.
41. Fræðsla; þjálfun; skemmtistarfssemi; íþróttu- og menningarstarfssemi.

Nr. 130

10. febrúar 2017

42. Vísinda- og tæknipjónusta og rannsóknir og hönnun í tengslum við það; rannsóknar- og grein-
ingarþjónusta á sviði iðnaðar; hönnun og þróun tölvubúnaðar og tölvuhugbúnaðar.
 43. Veitingapjónusta; tímabundin gistiþjónusta.
 44. Læknispjónusta; dýralæknispjónusta; fegrunar- og snyrtipjónusta fyrir menn eða dýr; þjónusta
við landbúnað, garðyrkju og skógrækt.
 45. Lögfraðipjónusta; öryggisþjónusta til líkamlegrar verndar einstaklingum og til verndar
áþreifanlegum eignum; persónu- og félagsleg þjónusta í þágu einstaklinga.
-

B-deild – Útgáfud.: 15. febrúar 2017